

BRÝNIÐ

8. árgangur 1. tbl.

Fréttablað áhugamanna um tréskurð

feb. 2003

Febrúarfundur

Febrúarfundur félagsins verður að þessu sinni í boði trérennismiðafélagsins í húsakynnum kennaraháskólans að Skipholti 37, annarri hæð kl. 10:00. Þá mun Gunnar Bjarnason húsasmíðameistari og þúsundþjalasmiður sýna og segja frá verkum sínum. Hann hefur smíðað fjölda eftirgerða af húsum frá söguöld, svo sem Eiríksstaði í Dölum, söguvaldarbæinn í Þjórsárdal, bæ og kirkju í Brattahlíð og nú síðast Auðunnarstofu að Hólum svo fátt eitt sé nefnt. Gunnar hefur smíðað flest sín handverkfæri sjálfur að fornum fyrirmyndum og mun hann sýna okkur þau og fræða okkur um notkun þeirra.

Marsfundur

Ætlunin er að fara að heimsækja Tungu í Svínadal laugardaginn 22. mars. Þar er bændagisting en innanstokksmunirnir eru útskornir og eru þeir ásamt húsinu frá Eistlandi. Mjög gaman verður að sjá áherslur annarra þjóða í útskurði. Lagt verður af stað frá húsi ÍSÍ í Laugardalnum kl. 12:00.

Vorsýning 2003

Vorsýning Félags áhugamanna um tréskurð er framundan, en sýningin verður haldin laugardaginn 3. og sunnudaginn 4. maí í tengibyggingu safnaðarheimilis Háteigskirkju v/ Háteigsveg kl. 13:00-

17:00 báða dagana. Gengið er inn um aðalinnangang safnaðarheimilisins. Móttaka á útskornum munum félagsmanna verður **föstudaginn 2.maí kl. 18:00-19:30** á sama stað og sýningin er haldin. **Sækja á munina aftur sunnudaginn 4.maí kl. 17:00.** Með sýningargripum þurfa að fylgja merkimiðar með nafni þátttakenda og helst upplýsingar um viðartegund og yfirborðsmeðferð. Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt í vorsýningunni sem fyrr og koma með muni sína til sýningar og sjá muni annarra félagsmanna. Takið endilega gesti með á sýninguna sem er að sjálfsögðu öllum opin og enginn aðgangseyrir.

Heiðursgestur

Fram að þessu hafa heiðursgestir sýninganna verið lifandi og lærðir meistarar. Nú er svo komið að sá listi er tæmdur en til að halda hefðinni gangandi höfum við ákveðið að heiðra sjálfmenntaða meistara. Fyrstan munum við heiðra Ríkarð Ingibergsson fæddan 1912. Hann er systursonur hins snjalla Ríkarðs Jónssonar og má glögg sjá skyldleikann þó stillinn og verkin séu ólík. Ríkarður starfaði sem húsasmíðameistari hér í Reykjavík.

Félagsgjöldin

Innheimtuseðlar vegna félagsgjalda eru nú sendir út til félagsmanna og eru þeir hvattir til að að bregða sér í "bankann" og greiða félagsgjöldin við fyrstu hentugleika.

Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Birkihlíð 32
105 Reykjavík

Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð
<http://www.simnet.is/samvil/treskurdur>

Noregsferð

Við viljum minna félagsmenn á það að það eru síðustu forvöð að skrá sig í ferðina til Noregs 10. mars. Hugmyndin er að fara út 12. júní og koma heim 16. júní. Þeir sem voru búnir að hafa samband eru vinsamlegast beðnir að staðfesta þáttöku sína. Elsa Þóra, sem ætlar að vera fararstjóri ferðarinnar, flytur út til Osló í mars og mun taka á mótí ferðalöngunum á flugvellið. Gróft uppkast af dagskrá er:

12. júní: Komið til Osló, lest tekin til Lillehammer.

13. júní: Maihaugensafnið í Lillehammer skoðað, farið til Dovre.

14. júní: Kirkjur skoðaðar í nágrenni Dovre.

15. júní: Sýningin í Hjerleid skoðuð.

16. júní: Farið heim.

13.-15. júní er mikil dagskrá í Dovre. Oddvin Parr mun sýna lágmyndir, Zoran Dukic mun sýna íkon myndir, Sverre Morken mun sýna og halda fyrirlestur um frímerkjagerð og seðlagerð en hann er þekktur í Noregi fyrir listilega gerð frímerkja og seðla. Að ógleymdru sjálfri sýningu nemenda skólans. Ekki er hægt að segja nákvæmlega hver ferðakostnaðurinn verður en við vonum að hann verði á bilinu 50-70 þús. en hann gæti hækkað, erfitt er að segja hver kostnaðurinn verður fyrr en vitað er hve margir koma með.